



### 10. fundur stjórnar SSA 21. apríl 2015.

Fundurinn hófst kl. 12.30 með hádegisverði á Gistihúsinu á Egilsstöðum en var svo framhaldið í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi, Tjarnarlandi 39e á Egilsstöðum. Mætt voru Sigrún Blöndal, Gunnar Jónsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hákon Hansson, Eyjólfur Sigurðsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Hákon vék af fundi kl. 14.00.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Sigrún Blöndal stýrði fundi.

#### 1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerð frá 9. stjórnarfundi SSA, frá 5. og 6. fundi framkvæmdaráðs og frá 3. fundi samgöngunefndar lagðar fram til samþykkis. ***Stjórn SSA tekur undir þær áhyggjur af takmörkuðum fjárveitingum til samgöngumála er fram koma í bókun samgöngunefndar. Mikilvægi samganga hefur aldrei verið meira. Kemur þar margt til, s.s. fjölgun ferðamanna, stórauknir vöruflutningar, tryggur aðgangur að heilbrigðisþjónustu, stækkun atvinnusvæða o.fl. Greiðar samgöngur eru grundvöllur vaxtar og viðgangs byggðarlaga og hafa grundvallarþýðingu í uppbyggingu þjónustu- og vaxtarsvæða. Óhætt er að fullyrða að enginn einn málaflokkur sé jafn mikilvægur fyrir landsmenn alla. Stjórn SSA skorar á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja stóraukið fjármagn til samgöngumála.***
2. Fundargerðir frá:
  - a) Sambandi íslenskra sveitarfélaga nr. 827. Lagt fram til kynningar.
  - b) Fjórðungssambandi Vestfirðinga frá 2., 9. og 23. febrúar og 24. mars 2015. Lagðar fram til kynningar.
  - d) Starfsendurhæfingu Austurlands (Starfa) frá 18. mars 2015 lagt fram til kynningar. Sömu leiðis var lögð fram til kynningar ársskýrsla Starfa frá ársfundi 20. apríl 2015.
3. Erindi og ályktanir
  - a) Skýrsla starfshóps um ljósleiðaravæðingu Íslands lögð fram til kynningar. ***Stjórn SSA fagnar því að fram sé komin sýn á það hvernig leyst verði úr brýnum fjarskiptavanda hinna dreifðu byggða. Jafnframt er áréttað mikilvægi þess að stjórnvöld taki sem fyrst afstöðu til þeirra valkosta sem fram koma í skýrslunni og gangi frá lagasetningu og fjármagn fylgi. Einnig hlýtur að þurfa að ganga frá forgangsröðun uppbyggingar sem fyrst og horfa til byggðasjónarmiða við þá röðun.***
  - b) Kynning Póst- og fjarskiptastofnunar á leiðbeiningum á uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES. Tillaga frá Jóni Þórðarssyni, sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið

að senda tillöguna til umsagnar hjá sveitarfélögunum með hliðsjón af leiðbeiningum Póst- og fjarskiptastofnunar.

- c) Ályktanir frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum lagðar fram til kynningar.
- d) Drög að viðaukasamningi fyrir Brothættar byggðir í Breiðdalshreppi (samkomulag Byggðastofnunar og Breiðdalshrepps) lögð fram til kynningar.

## 2. Almenningsamgöngur.

- a) Formaður greindi frá umræðu á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd um frumvarp til laga um fólksflutninga.
- b) Verkefnisstjóri greindi frá breytingu á þróunarstyrkjum frá Vegagerðinni.
- c) Tillaga um samræmda gjaldskrá. Verkefnisstjóra falið að vinna málið áfram.
- d) Fyrirkomulag þjónustu; rætt um þjónustusamning varðandi upplýsingagjöf ([svaust@austurbru.is](mailto:svaust@austurbru.is)/símanúmer) og hver stoppistöðin á Egilsstöðum eigi að vera. Verkefnisstjóra falið að ganga frá þjónustusamningi við rekstraraðila Upplýsingamiðstöðvar Austurlands um upplýsingagjöf. Honum var einnig falið að óska eftir afstöðu bæjaryfirvalda á Fljótsdalshéraði til þess hvar gert sé ráð fyrir að langferðabifreiðar hleypi út farþegum.

## 3. Aðalfundur SSA í október – Undirbúningur/Drög að dagskrá.

- a) Skipulag vinnu við gerð ályktana. Stefnt að vinnufundi 21. og 22. ágúst þar sem unnið verður að undirbúningi ályktana og endurskoðun samþykta. Verkefnisstjóra falið að vinna að undirbúningi þess fundar.
- b) Drög að dagskrá fyrir aðalfund SSA í október lögð fram til kynningar.

## 4. Önnur mál

- a) Farið yfir umræðu á vorkundi landshlutasamtaka 16. apríl 2015.
- b) Farið yfir helstu viðfangsefni Landspings Sambands íslenskra sveitarfélaga 17. apríl 2015.
- c) Ársfundur Austurbrúar. Tilnefningar framkvæmdaráðs til stjórnar Austurbrúar voru samþykktar og verkefnisstjóra falið að senda þær til starfsháttanefndar Austurbrúar..
- d) Samþykkt og gengið frá prókúru til Austurbrúar vegna nýs reiknings Uppbyggingarsjóðs Austurlands.

Fundi slitið kl. 16.30. Næsti fundur ákveðinn 19. maí 2015 á Reyðarfirði.

---

Sigrún Blöndal

---

Eydís Ásbjörnsdóttir



---

Arnbjörg Sveinsdóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Gunnar Jónsson

---

Eyjólfur Sigurðsson

---

Hákon Hansson